VINNUSTOFA
Langanesbyggð 2040

Framtíðarsýn, áherslur og meginmarkmið

Úrvinnsla vinnustofugagna fyrir endurskoðun aðalskipulags Langanesbyggðar 2026-2038

BYGGÐ / ATVINNULÍF / GRÆN SVÆÐI / SAMGÖNGUR OG VEITUR / VATN, VERND OG VÁ

01 / INNGANGUR

Frá samtali að stefnu

Vinnustofan dregur upp skýra mynd af samfélagi sem vill halda áfram að vaxa og þróast — en halda í sérkenni sín.

TILGANGUR

Vinnustofa sem haldin var miðvikudaginn 30. september 2026 með nefndarmönnum skipulags og umhverfisnefndar var liður í mótun framtíðarsýnar og meginmarkmiða fyrir aðalskipulag Langanesbyggðar 2026-2038. Hér eru niðurstöðurnar dregnar saman, sameiginleg þemu greind og þau yfirfærð í stefnumótandi ramma fyrir áframhaldandi vinnu.

AÐFERÐ

Gögnin byggjast á post-it æfingu titlaða „framtíðarþríhyrningurinn“ sem fjallaði um að greina togkrafta framtíðar, ýtikrafta nútímans og þyngsli fortíðarinnar, auk æfingar í mótun framtíðarsýnar fyrir sveitarfélagið þar sem þátttakendur skrifuðu ímyndaðar blaðagreinar frá 2040. Plúsmerki sýna vægi í umræðunni, þar sem þátttakendur voru beðnir um að merkja við þau atriði sem þóttu sértaklega áríðandi.

Kjarni vinnustofunnar er vilji til vaxtar án þess að fórna þeim eiginleikum sem gera Langanesbyggð að einstöku dreifbýlissamfélagi.

02 / HEILDARMYND

Vöxtur með fjölbreytni

Framtíðin byggir ekki endilega á einu stóru verkefni heldur fjölbreyttum stoðum sem skapa seiglu og sterkt samfélag.

Sterkasti rauði þráðurinn er vilji til að fjölga íbúum og störfum, styrkja innviði og þjónustu og nýta náttúru og staðbundnar auðlindir með ábyrgum hætti. Áherslan er á fjölbreytni: fleiri og ólík störf, fleiri meðalstór fyrirtæki, fjölbreytt húsnæði og fleiri stoðir undir samfélagið.

Á sama tíma benda gögnin til þess að vöxtur sé háður því að leyst verði úr ákveðnum flöskuhálsum. Þar ber hæst skort á íbúðar- og atvinnuhúsnæði, takmarkaða raforku og hitaveitu, samgöngur, þjónustu og getu til að hrinda verkefnum í framkvæmd.

20%

fólksfjölgun

framtíðarmynd þátttakenda frá 2026 til 2040

100

ný störf

framtíðarmynd þátttakenda til ársins 2040

+++++

fjölbreytt störf

sterkasta vægi einstaks atriðis í æfingunni framtíðarþríhyrningurinn (post-it æfingu)

03 / VÆGI

Áherslur sem fengu mestan hljómgrunn

Í post-it æfingunni voru þátttakendur beðnir um að merkja við þær hugmyndir sem þeir töldu mikilvægastar fyrir áframhaldandi vinnu. Hvert plúsmerki (+) táknar eitt atkvæði. Fjöldi atkvæða gefur þannig vísbendingu um hvaða áherslur fengu mestan stuðning innan hópsins, en felur ekki í sér formlega forgangsröðun.

+++++

Fjölbreytt störf

Kjarni áherslu „Ekki öll eggin í sömu körfu“.

ÚTSKÝRING ÁHERSLU

Sterk áhersla kom fram á að fjölga stoðum atvinnulífsins og draga úr viðkvæmni sem fylgir því að treysta um of á fáar atvinnugreinar eða stóra vinnuveitendur. Framtíðarsýnin byggir á blöndu hefðbundinna atvinnugreina og nýrra tækifæra, þar sem fleiri meðalstór og smærri fyrirtæki skapa fjölbreytt störf. Sérstaklega var horft til þess að skapa meiri verðmæti úr staðbundnum auðlindum, svo sem sjávarútvegi, landbúnaði, náttúru, ferðaþjónustu og orku, samhliða nýsköpun og nýjum atvinnugreinum.

+++

Þjóðgarður og tækifærin í ferðaþjónustu

Kjarni áherslu Náttúra og mögulegur þjóðgarður sem grunnur að nýjum störfum.

ÚTSKÝRING ÁHERSLU

Ferðaþjónusta var rædd sem vannýtt tækifæri til atvinnusköpunar og eflingar þjónustu. Sérstaða Langaness, náttúra svæðisins og mögulegur þjóðgarður voru nefnd sem mikilvægur grunnur að frekari uppbyggingu. Áhersla var lögð á að fjölga ferðamönnum og efla ferðaþjónustu sem styrkir byggð, skapar störf og styður við fjölbreyttari þjónustu allt árið. Í því samhengi kom einnig fram þörf fyrir fjölbreyttara gistiframboð, meðal annars hótel af hentugri stærð.

+++

Atvinnuhúsnæði

Kjarni áherslu Skortur á rými fyrir atvinnustarfsemi er talinn bein hindrun vaxtar.

ÚTSKÝRING ÁHERSLU

Skortur á atvinnuhúsnæði kom skýrt fram sem hindrun fyrir þróun atvinnulífsins. Nægt framboð atvinnulóða og húsnæðis er forsenda þess að núverandi fyrirtæki geti vaxið og ný starfsemi komið inn á svæðið. Aðalskipulagið þarf því að skapa svigrúm fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi og tryggja að hentug svæði séu tiltæk og vel tengd byggð, samgöngum og nauðsynlegum veitum.

+++

Einhæft atvinnulíf

Kjarni áherslu Núverandi atvinnusamsetning er talin veikleiki.

ÚTSKÝRING ÁHERSLU

Einhæfni atvinnulífsins var talin veikleiki og tengist beint áherslunni um fjölbreyttari störf. Hefðbundnar atvinnugreinar, einkum sjávarútvegur og landbúnaður, eiga áfram að vera mikilvægar undirstöður samfélagsins, en jafnframt þarf að skapa skilyrði fyrir fleiri atvinnugreinar. Fjölbreyttara atvinnulíf getur aukið viðnámsþrótt samfélagsins gagnvart breytingum í einstökum greinum, tæknibreytingum og sveiflum á vinnumarkaði.

+++

Fjölbreyttari íbúðir

Kjarni áherslu Húsnæðisframboð þarf að svara ólíkum hópum og lífsskeiðum.

ÚTSKÝRING ÁHERSLU

Húsnæðismál komu ítrekað fram sem ein af forsendum áframhaldandi vaxtar. Þörfin snýst ekki aðeins um fleiri íbúðir heldur einnig fjölbreyttari búsetukosti fyrir fólk á ólíkum æviskeiðum. Nefnd var sérstaklega þörf fyrir þjónustuíbúðir fyrir eldra fólk, en jafnframt þarf húsnæðisframboð sem getur tekið við fjölskyldum, nýju starfsfólki og öðrum sem vilja setjast að í sveitarfélaginu. Fjölbreytt húsnæði og nægt lóðaframboð þurfa því að þróast samhliða atvinnu- og fólksfjölgun.

+++

Flug og grunnþjónusta

Kjarni áherslu Minna flug er tengt beint við lakara þjónustustig.

ÚTSKÝRING ÁHERSLU

Flugið var rætt sem mikilvægur hluti af aðgengi Langanesbyggðar að þjónustu og öðrum landshlutum. Þátttakendur tengdu fækkun flugferða við lakara þjónustustig og minni búsetugæði. Áhersla var því lögð á að standa vörð um flugsamgöngur og líta á þær sem hluta af stærra kerfi grunnþjónustu og samgangna sem þarf að vera til staðar til að styðja við búsetu og atvinnulíf á svæðinu.

04 / FRAMTÍÐARSÝN

Langanesbyggð 2040

Drög að framtíðarsýn, unnin upp úr þeim hugmyndum sem birtust í blaðagreinum úr framtíðinni (vinnustofuæfingu):

Langanesbyggð er öflugt og eftirsótt dreifbýlissamfélag sem hefur vaxið og þróast á eigin forsendum, með sérkenni svæðisins og sterka staðarvitund að leiðarljósi.

Atvinnulífið er fjölbreytt og byggir á traustum grunni hefðbundinna atvinnugreina samhliða nýsköpun og nýjum tækifærum. Fjölbreytt húsnæði, öflugir skólar, íþróttastarf og góð grunnþjónusta skapa eftirsóknarvert búsetuumhverfi fyrir fólk á öllum æviskeiðum.

Traustir innviðir styðja við búsetu og atvinnulíf og skapa svigrúm til áframhaldandi þróunar. Náttúra og landslag eru meðal helstu einkenna Langanesbyggðar og nýting þeirra byggir á virðingu fyrir sérstöðu svæðisins. Náttúrutengd ferðaþjónusta og þjóðgarður skapa ný störf og verðmæti samhliða verndun náttúrugæða.

Langanesbyggð einkennist af sterkum samfélagstengslum, seiglu og góðum lífsgæðum og er fyrirmynd um hvernig dreifbýlissamfélag getur þróast og dafnað.

FRAMTÍÐARMYNDIN NEFNIR

20% fólksfjölgun; 100 ný störf; ný hverfi og götur; áframhaldandi styrk sjávarútvegs og sauðfjárbúskapar; nýsköpun, smábátahöfn og þjóðgarð; góðan skóla og íþróttaaðstöðu. o.fl.

LEIÐARLJÓS

Vöxtur, fjölbreytni og varðveisla þurfa að fara saman. Skipulagið þarf bæði að skapa svigrúm fyrir þróun og verja þau náttúru- og samfélagsgæði sem framtíðarsýnin byggir á.

05 / ÞEMAGREINING

Sex þemu móta framtíðarsýnina

01 Fjölbreytt atvinnulíf

Fleiri störf úr staðbundnum auðlindum, en jafnframt nýjar greinar, nýsköpun, ferðaþjónusta og mögulegur iðnaður. Einhæfni og tæknibreytingar eru áhættuþættir.

02 Húsnæði og rými til vaxtar

Skortur á húsnæði, fjölbreyttum íbúðum, lóðum og atvinnuhúsnæði kemur endurtekið fram. Skipulag þarf að tryggja að gert sé ráð fyrir þessum atriðum.

03 Innviðir og tengingar

Raforka, hitaveita, vegir, flug og hafnir eru grunnforsendur fyrir atvinnuþróun, þjónustu og búsetu.

04 Þjónusta og lífsgæði

Skólar, íþróttastarf, heilbrigðisþjónusta og þjónusta við eldra fólk eru mikilvægir búsetuþættir og þurfa að vaxa samhliða samfélaginu.

05 Náttúra, vernd og ferðaþjónusta

Náttúran er bæði auðlind og hluti sjálfsmyndar. Þjóðgarður og ferðaþjónusta eru tækifæri, en vöxtur þarf að varðveita náttúrugæði og dreifbýliseinkenni.

06 Framkvæmdageta samfélagsins

Sameiningarsaga sveitarfélaganna á svæðinu, pólitísk saga, upplýsingaskortur og tregða gagnvart verkefnum birtast sem hindranir. Á móti kemur vilji til nýrrar hugsunar og samstarfs.

06 / MEGINMARKMIÐ : Hugmyndir og drög

Meginmarkmið aðalskipulagsins

Meginmarkmiðum aðalskipulagsins er skipt í fimm kafla sem hver um sig tekur til tiltekinna landnotkunarflokka. Hér að neðan eru settar fram **tillögur að meginmarkmiðum fyrir hvern kafla**, byggðar á niðurstöðum vinnustofunnar og þeim áherslum sem þar komu fram.

Byggð	Atvinnulíf	Græn svæði	Samgöngur og veitur	Vatn, vernd og vá

Meginmarkmiðin eru mótuð út frá:

- Niðurstöðum vinnustofu
- Umræðum á kynningarfundi um aðalskipulagsvinnuna
- Stefnu gildandi aðalskipulags
- Áætlanir sveitarfélagsins:
    - Atvinnustefna Langanesbyggðar 2026–2030
    - Húsnæðisáætlun Langanesbyggðar 2025
- Stefnumörkun og skuldbindingum á landsvísu og alþjóðavettvangi, einkum:
    - Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna
    - Landsskipulagsstefnu 2024-2038
    - Náttúruverndaráætlun
    - Vatnaáætlun Íslands 2022-2027

Byggð

Búseta, húsnæði og þjónusta þróist í takt við vöxt samfélagsins.



01 **Skapa skilyrði fyrir fjölgun íbúa og áframhaldandi vöxt byggðar.**

MÆLIKVARÐI 2040 Skipulag byggðar og framboð íbúðarsvæða miðist við að geta tekið við a.m.k. 20% fjölgun íbúa frá 2026 til 2038.

SKIPULAGSLEIÐ

Tryggja nægt land fyrir framtíðaríbúðarbyggð og áfangaskipta uppbyggingu í takt við eftirspurn.

02 **Nægt framboð verði af byggingarhæfum íbúðarlóðum.**

MÆLIKVARÐI 2040 Framboð lóða geti á hverjum tíma mætt áætlaðri íbúðaþörf næstu fimm ára.

SKIPULAGSLEIÐ

Tryggja nægt framboð byggingarhæfra lóða. Beina skal uppbyggingu að svæðum sem nýta núverandi innviði vel og þar sem hagkvæmt er að byggja þá frekar upp.

03 **Húsnæðisframboð mæti fjölbreyttum þörfum íbúa.**

MÆLIKVARÐI 2040 Fjölbreytni í stærð, gerð og búsetuformum íbúða hafi aukist frá grunnstöðu 2026.

SKIPULAGSLEIÐ

Gera ráð fyrir fjölbreyttum íbúðargerðum og búsetuformum, þar á meðal húsnæði á viðráðanlegu verði, félagslegu húsnæði og leiguhúsnæði.

04 **Búsetukostir fyrir eldra fólk verði efldir.**

MÆLIKVARÐI 2040 Framboð þjónustu- og leiguíbúða fyrir eldra fólk geti mætt áætlaðri þörf til ársins 2040.

SKIPULAGSLEIÐ

Tryggja hentug svæði fyrir slíkt húsnæði í góðum tengslum við þjónustu, útivist og daglegar þarfir.

05 **Ný byggð styrki samfellu og staðaranda.**

MÆLIKVARÐI 2040 Nýrri íbúðarbyggð verði að jafnaði beint inn á við eða í beinu framhaldi af núverandi byggð.

SKIPULAGSLEIÐ

Stuðla að samfelldri og hagkvæmri þróun byggðar með áherslu á góða nýtingu lands og fyrirliggjandi innviða. Ný byggð taki mið af gæðum, yfirbragði, landslagi og staðbundnum einkennum.

06 **Frístundabyggð ... [*eigum eftir að móta stefnu hér*]**

MÆLIKVARÐI 2040 ...

SKIPULAGSLEIÐ

...

07 Byggð í dreifbýli ... [*eigum eftir að móta stefnu hér*]

MÆLIKVARÐI 2040 ...

SKIPULAGSLEIÐ

...

08 / MEGINMARKMIÐ : Hugmyndir og drög

Atvinnulíf og samfélag



Öflugt atvinnulíf, sterk samfélagstengsl og fjölbreytt tækifæri til framtíðar.

01

Störfum fjölgi og atvinnulíf verði fjölbreyttara.

MÆLIKVARÐI 2040 Störfum fjölgi og dreifist á fleiri atvinnugreinar á skipulagstímabilinu.

SKIPULAGSLEIÐ

Tryggja nægt og fjölbreytt framboð atvinnusvæða og skapa skipulagsleg skilyrði fyrir þróun nýrra atvinnugreina, meðal annars á sviði græns iðnaðar, hringrásarhagkerfis, nýsköpunar, ferðaþjónustu, menningar og menntunar.

02

Nægt framboð verði af atvinnulóðum og atvinnuhúsnæði.

MÆLIKVARÐI 2040 Framboð byggingarhæfra atvinnulóða geti mætt áætlaðri eftirspurn á skipulagstímabilinu.

SKIPULAGSLEIÐ

Gera ráð fyrir framtíðaratvinnusvæðum í skipulagi þar sem staðsetning tekur mið af góðum samgöngutengingum og aðgengi að nauðsynlegum innviðum.

03

Meiri verðmæti skapist úr staðbundnum auðlindum.

MÆLIKVARÐI 2040 Störfum sem byggja á staðbundnum auðlindum fjölgi.

SKIPULAGSLEIÐ

Tryggja þróunarrými fyrir sjávarútveg, landbúnað, matvælavinnslu, orkutengda starfsemi og nýsköpun.

04

Ferðaþjónusta verði sterkari atvinnugrein.

MÆLIKVARÐI 2040 Ársverkum í ferðaþjónustu og gistinóttum hafi fjölgað frá grunnstöðu 2026.

SKIPULAGSLEIÐ

Skilgreina svæði í skipulagi fyrir ferðaþjónustu og tengda þjónustustarfsemi og vekja athygli á helstu náttúru- og menningartengdum áfangastöðum sveitarfélagsins. Jafnframt verði metin þörf fyrir bætt aðgengi og samgöngutengingar að lykiláfangastöðum.

05

Gistiframboð verði nægt og fjölbreytt.

MÆLIKVARÐI 2040 Gistirýmum fjölgi og framboð geti tekið við fjölbreyttari og stærri hópum en árið 2026.

SKIPULAGSLEIÐ

Tryggja skipulagslegt svigrúm, með skilmálum og landnotkunarreitum, fyrir hótel og minni gististaði þar sem þeir samræmast byggð og umhverfi, án þess að framboð gistirýma hafi áhrif á framboð íbúðarhúsnæðis.

06

Hafnir geti þróast með atvinnulífinu.

MÆLIKVARÐI 2040 Afkastageta og landrými hafna geti mætt fyrirsjáanlegri framtíðarþörf til 2040.

SKIPULAGSLEIÐ

Vernda þróunarrými hafna og tengingar þeirra við atvinnusvæði og samgöngukerfi.

07

Öflugur og framsækinn landbúnaður

MÆLIKVARÐI 2040 Nýliðun í landbúnaði hafi aukist frá árinu 2026 og fjölbreytni búgreina og landbúnaðartengdrar starfsemi hafi eflst.

SKIPULAGSLEIÐ

Stuðla að áframhaldandi þróun landbúnaðar með því að varðveita gott ræktunarland til matvælaframleiðslu, tryggja svigrúm fyrir uppbyggingu og fjölbreytta búrekstrarstarfsemi og skapa skilyrði fyrir nýliðun og nýjum búgreinum. Við skipulagsgerð verði tekið mið af landbúnaðarhagsmunum og samspili landbúnaðar við aðra landnotkun.

08

Grunnþjónusta geti vaxið með samfélaginu.

MÆLIKVARÐI 2040 Afkastageta skóla og annarrar lykilþjónustu geti tekið við áætlaðri þörf á skipulagstímabilinu.

SKIPULAGSLEIÐ

Tryggja nægt þróunarrými fyrir leik- og grunnskóla, íþróttir, heilbrigðisþjónustu og aðra samfélagsþjónustu.

09

Öflugt menningar- og félagslíf styrki samfélagsvitund og sérkenni sveitarfélagsins.

MÆLIKVARÐI 2040 Aðstaða fyrir menningar- og félagsstarfsemi hafi þróast í takt við þarfir samfélagsins og fjölbreytt starfsemi geti nýtt núverandi og ný samfélagsrými.

SKIPULAGSLEIÐ

Tryggja svigrúm fyrir fjölbreytta menningar- og félagsstarfsemi í þéttbýli og dreifbýli. Stuðla að fjölþættri nýtingu samfélagsbygginga og almenningsrýma og varðveislu staða og mannvirkja sem hafa menningarsögulegt gildi fyrir samfélagið.

10

Fjölskylduvænt búsetuumhverfi stuðli að góðum lífsgæðum og öflugu samfélagi.

MÆLIKVARÐI 2040 Öll ný íbúðarsvæði hafi öruggar og aðgengilegar tengingar við leik- og útivistarsvæði og helstu skóla- og samfélagsþjónustu.

SKIPULAGSLEIÐ

Samræma þróun íbúðarbyggðar við uppbyggingu skóla, íþrótta- og tómstundaaðstöðu og annarrar samfélagsþjónustu. Við skipulag nýrrar byggðar verði lögð áhersla á fjölbreytt húsnæði, öruggt nærumhverfi og góðar göngu- og hjólatengingar.

09 / MEGINMARKMIÐ : Hugmyndir og drög

Græn svæði

Græn svæði, útivistarmöguleikar og náttúrugæði eru órjúfanlegur hluti af búsetugæðum og sérkennum Langanesbyggðar.



01

Opin svæði verði aðgengilegur og samfelldur hluti byggðar

MÆLIKVARÐI 2040 Öll ný íbúðarsvæði hafi aðgengi að skilgreindum opnum svæðum til útivistar, leikja og samveru.

SKIPULAGSLEIÐ

Tryggja nægt framboð opinna svæða innan þéttbýlis og stuðla að samfelldu neti grænna svæða og gönguleiða. Við skipulag nýrrar byggðar verði tekið mið af aðgengi, fjölbreyttri nýtingu og tengslum opinna svæða við íbúðarbyggð og þjónustu.

02

Aðgengi að náttúru og útivistarsvæðum verði styrkt.

MÆLIKVARÐI 2040 Fjöldi skilgreindra útivistarleiða og áningarstaða með tryggðu aðgengi hafi aukist frá grunnstöðu 2026.

SKIPULAGSLEIÐ

Kortleggja helstu útivistarsvæði og skilgreina göngu- og útivistarleiðir, áningarstaði og tengingar frá byggð að náttúrusvæðum. Við uppbyggingu útivistaraðstöðu verði tekið mið af náttúrufari, landslagi og þoli svæða.

03

Íþrótta- og útivistaraðstaða þróist í takt við þarfir samfélagsins.

MÆLIKVARÐI 2040 Skipulagt landrými fyrir íþróttastarfsemi og tengda útivist geti mætt áætlaðri þörf til ársins 2040.

SKIPULAGSLEIÐ

Tryggja nægt þróunarrými fyrir núverandi íþróttasvæði og meta þörf fyrir ný svæði. Við staðsetningu og afmörkun íþróttasvæða verði lögð áhersla á góð tengsl við íbúðarbyggð, skóla og öruggar göngu- og hjólaleiðir.

04

Skógrækt og landgræðsla verði í sátt við náttúrufar og aðra landnotkun.

MÆLIKVARÐI 2040 Skilgreind svæði fyrir skógrækt og landgræðslu hafi verið yfirfarin og stefna um nýtingu þeirra mótuð með tilliti til landgæða og annarrar landnotkunar.

SKIPULAGSLEIÐ

Móta stefnu um staðsetningu og umfang skógræktar og landgræðslu (SL-landnotkunarflokksins) með hliðsjón af landbúnaðarlandi, líffræðilegri fjölbreytni, landslagsheildum og staðbundnum aðstæðum.

Samgöngur og veitur

Innviðir verði forsenda vaxtar en ekki flöskuháls.



01

Samgöngukerfi styðji við öruggar og greiðar tengingar innan sveitarfélagsins og við aðra landshluta.

MÆLIKVARÐI 2040 Helstu samgöngutengingar sveitarfélagsins hafi verið skilgreindar og áætlanir um úrbætur taki mið af þörfum íbúa, atvinnulífs og fyrirhugaðrar uppbyggingar.

SKIPULAGSLEIÐ

Móta stefnu um þróun vegakerfisins og skilgreina mikilvægar samgöngutengingar, þörf fyrir nýjar vegtengingar og úrbætur á núverandi leiðum. Við skipulagsgerð verði lögð áhersla á umferðaröryggi, greiðfærni og samræmingu við áætlanir Vegagerðarinnar.

02

Virkir ferðamátar verði raunhæfur og öruggur valkostur innan þéttbýlis.

MÆLIKVARÐI 2040 Samfellt net göngu- og hjólaleiða tengi helstu íbúðarsvæði, skóla, íþrótta- og þjónustusvæði innan þéttbýlis.

SKIPULAGSLEIÐ

Skilgreina meginleiðir gangandi og hjólandi innan þéttbýlis og tryggja samfellu þeirra við skipulag nýrrar byggðar og breytingar á gatnakerfi. Sérstök áhersla verði lögð á öruggar tengingar að skólum og öðrum mikilvægum áfangastöðum.

03

Flug verði áfram mikilvægur hluti af samgöngukerfi sveitarfélagsins.

MÆLIKVARÐI 2040 Skipulagslegar forsendur fyrir áframhaldandi starfsemi og þróun flugvallarins verði tryggðar.

SKIPULAGSLEIÐ

Vernda flugvallarsvæði og aðliggjandi svæði gegn landnotkun sem getur takmarkað starfsemi eða framtíðarþróun flugvallarins. Við skipulagsgerð verði tekið mið af öryggiskröfum, aðkomu og tengslum flugvallarins við byggð og atvinnulíf.

04

Raforkuöryggi og afhendingargeta aukist.

MÆLIKVARÐI 2040 Skipulag flutnings- og dreifikerfis raforku geri ráð fyrir áætlaðri raforkuþörf íbúðar- og atvinnuuppbyggingar til ársins 2040, að meðtalinni húshitun.

SKIPULAGSLEIÐ

Tryggja nauðsynlegt landrými og lagnaleiðir fyrir uppbyggingu og styrkingu flutnings- og dreifikerfis raforku. Samræma skipulag raforkumannvirkja við fyrirhugaða byggða- og atvinnuþróun. Við skipulagsgerð verði jafnframt tekið mið af þörf fyrir örugga og hagkvæma húshitun.
Við skipulag samgöngu- og þjónustusvæða verði gert ráð fyrir nauðsynlegri aðstöðu vegna orkuskipta í samgöngum, meðal annars hleðsluinnviðum fyrir ökutæki, með hliðsjón af raforkuafhendingu, aðgengi og þörfum íbúa og atvinnulífs.

05

Fjarskiptainnviðir styðji við örugga búsetu og fjölbreytta atvinnustarfsemi.

MÆLIKVARÐI 2040 Skipulagslegar forsendur fyrir uppbyggingu og styrkingu fjarskiptakerfa verði tryggðar á þeim svæðum þar sem þörf er á bættri þjónustu.

SKIPULAGSLEIÐ

Greina þörf fyrir ný fjarskiptamannvirki og skilgreina eftir atvikum hentugar staðsetningar fyrir senda, möstur og aðra fjarskiptainnviði. Við staðsetningu verði tekið mið af fjarskiptaöryggi, landslagi, byggð og annarri landnotkun.

06

Vatnsveita og fráveita tryggi örugga grunnþjónustu og lágmarki neikvæð umhverfisáhrif.

MÆLIKVARÐI 2040 Öll skilgreind uppbyggingarsvæði hafi raunhæfa tengingu við fullnægjandi vatnsveitu og fráveitu áður en uppbygging hefst.

SKIPULAGSLEIÐ

Samræma þróun byggðar við uppbyggingu vatnsveitu og fráveitu, skilgreina nauðsynleg mannvirki og lagnaleiðir og tryggja svigrúm fyrir endurbætur á veitukerfum. Við skipulag fráveitu verði tekið mið af viðeigandi kröfum um mengunarvarnir og vernd viðtaka.

07

Orkunýting og uppbygging orkuframleiðslu taki mið af náttúrugæðum og annarri landnotkun.

MÆLIKVARÐI 2040 Mótuð hafi verið skýr skipulagsstefna um möguleika til orkuframleiðslu, þar á meðal vindorku, með hliðsjón af landslagi, náttúrufari, byggð og innviðum.

SKIPULAGSLEIÐ

Meta möguleika til orkuframleiðslu og skilgreina eftir atvikum svæði sem koma til greina fyrir orkumannvirki og svæði þar sem slík uppbygging samræmist ekki stefnu um landnotkun og vernd. Við mat verði tekið mið af umhverfisáhrifum, tengingum við raforkukerfi og hagsmunum nærliggjandi byggðar.

08

Tryggja hagsmunagæslu íbúa gagnvart þeim aðilum sem bera ábyrgð á samgöngu- og fjarskiptamálum.

MÆLIKVARÐI 2040 Þarfir sveitarfélagsins fyrir bættar samgöngur og fjarskipti hafi verið skilgreindar og þeim komið á framfæri við ábyrgðaraðila við mótun og endurskoðun innviðaáætlana.

SKIPULAGSLEIÐ

Gæta hagsmuna íbúa með virkri samvinnu við ábyrgðaraðila samgöngu- og fjarskiptamála. Skilgreina helstu úrbótaþarfir og leggja áherslu á að þær endurspeglist í áætlunum um uppbyggingu, viðhald og þjónustustig samgöngu- og fjarskiptakerfa.

11 / MEGINMARKMIÐ : Hugmyndir og drög

Vatn, vernd og vá



Náttúrugæði, vatnsauðlindir og menningarminjar verði varðveitt og sjálfbær landnýting höfð að leiðarljósi. Uppbygging taki mið af náttúruvá, loftslagsbreytingum og sérkennum Langanesbyggðar.

01

Sjálfbær landnýting og ábyrg umgengni við náttúru og auðlindir verði leiðarljós í þróun sveitarfélagsins.

MÆLIKVARÐI 2040 Umhverfis- og sjálfbærnistefna hefur verið mótuð fyrir Langanesbyggð.

SKIPULAGSLEIÐ

Móta stefnu um sjálfbæra landnotkun sem stuðlar að vernd náttúrugæða, hagkvæmri nýtingu lands og takmörkun rasks. Við skipulagsákvarðanir verði tekið mið af áhrifum á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda, meðal annars vegna röskunar jarðvegs og gróðurs, samhliða náttúruvernd og öðrum landnotkunarhagsmunum.

02

Neysluvatnsauðlindir verði verndaðar til framtíðar.

MÆLIKVARÐI 2040 Öll vatnsból sem nýtt eru til almennrar vatnsveitu hafi skilgreind viðeigandi vatnsverndarsvæði.

SKIPULAGSLEIÐ

Við skipulag nýrrar byggðar og atvinnustarfsemi verði tekið mið af vernd vatnsbóla og öryggi neysluvatns.

03

Gæði yfirborðs- og grunnvatns verði tryggð.

MÆLIKVARÐI 2040 Vatnshlot innan sveitarfélagsins nái eða viðhaldi þeim umhverfismarkmiðum sem skilgreind eru í gildandi vatnaáætlun.

SKIPULAGSLEIÐ

Taka mið af ástandi vatnshlota og umhverfismarkmiðum vatnaáætlunar við ákvarðanir um landnotkun og framkvæmdir. Stuðla að vernd vatnavistkerfa og koma í veg fyrir að ný uppbygging eða breytt landnotkun valdi hnignun vatnsgæða.

04

Verðmæt náttúra, landslag og menningarminjar verði varðveitt.

MÆLIKVARÐI 2040 Verndargildi mikilvægra náttúru- og minjasvæða hafi verið skilgreint og viðeigandi verndarákvæði sett fram í aðalskipulagi.

SKIPULAGSLEIÐ

Stýra staðsetningu og umfangi nýrrar uppbyggingar með hliðsjón af náttúrufari, líffræðilegri fjölbreytni, landslagsheildum og menningarminjum. Leggja áherslu á að varðveita svæði með hátt náttúru- eða landslagsgildi. Jafnframt verði stuðlað að varðveislu fornleifa, sögulegra mannvirkja og menningarlandslags með því að taka mið af skráðum minjum og sögulegum einkennum svæða við ákvarðanir um landnotkun og uppbyggingu.

05 Stuðlað verði að verndun náttúrugæða Langaness og mögulegri stofnun þjóðgarðs.

MÆLIKVARÐI 2040 Engin ný landnotkun eða uppbygging hafi skert þau náttúru- og landslagsgæði á Langanesi sem lögð eru til grundvallar mögulegri stofnun þjóðgarðs.

SKIPULAGSLEIÐ

Móta stefnu um vernd og nýtingu svæðisins með hliðsjón af mögulegri stofnun þjóðgarðs. Meta sérstaklega þörf fyrir hverfisvernd og skilgreina eftir atvikum viðeigandi verndarákvæði. Við stefnumótun verði tekið mið af núverandi landnýtingu, útivist, ferðaþjónustu og hagsmunum íbúa og landeigenda.

06 Uppbygging og landnotkun taki mið af náttúruvá og áhrifum loftslagsbreytinga.

MÆLIKVARÐI 2040 Ný uppbygging á skilgreindum varúðarsvæðum taki mið af fyrirliggjandi hættumati og viðeigandi kröfum um öryggi og mótvægisaðgerðir.

SKIPULAGSLEIÐ

Byggja ákvarðanir um staðsetningu byggðar og mannvirkja á fyrirliggjandi hættumati og gögnum um loftslagsbreytingar. Afmarka þekkt hættu- og varúðarsvæði og setja viðeigandi skipulagsákvæði um nýtingu þeirra, með sérstakri áherslu á öryggi íbúa og mikilvægra innviða.

Við staðsetningu og þróun mikilvægra innviða, svo sem samgöngumannvirkja, raforku- og fjarskiptakerfa og vatnsveitu, verði tekið mið af náttúruvá og fyrirsjáanlegum áhrifum loftslagsbreytinga. Sérstaklega verði hugað að viðnámsþrótti innviða og möguleikum til að tryggja samfellda þjónustu við röskun.

07 Strandsvæði verði nýtt og vernduð með tilliti til náttúrufars, landslags og loftslagsbreytinga.

MÆLIKVARÐI 2040 Strandsvæði sveitarfélagsins hafi verið flokkuð með tilliti til nýtingar og verndar í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar, gr. 4.21.1.

SKIPULAGSLEIÐ

Móta stefnu um nýtingu og vernd strandsvæða á grundvelli flokkunar þeirra samkvæmt skipulagsreglugerð. Við ákvörðun um landnotkun og mannvirkjagerð verði tekið mið af náttúru- og landslagsgæðum, aðgengi að ströndinni og áhrifum sjávarborðshækkunar, sjávarflóða og strandrofs. Samræma eftir því sem kostur er ólíka nýtingu strandsvæða, svo sem hafnarstarfsemi, sjávarútveg, ferðaþjónustu og útivist, með áherslu á vernd náttúrugæða og öryggi mannvirkja.

VIÐAUKI / HRÁ GÖGN

Raddir vinnustofunnar

Atriðin hér að neðan eru varðveitt til að tryggja rekjanleika frá hráum gögnum að úrvinnslu.

Blaðagrein frá 2040 (æfing)

Öflugt atvinnulíf á Þórshöfn

Það sem einkennir atvinnulífið er fjölbreytni. Hér er gott að búa vegna góðrar þjónustu. Það sem hefur breyst er betri þjónusta, fjölbreyttara atvinnulíf, ástæðan er mikil vinna heimamanna að halda þessu gangandi.

Langanes – still rural with all beauty but the place to live for families!

Notable LNB:

- Workplaces different, many, not one big one, rather many middle with variety
- Close relationships and strong community
- Kept the rurality but improves infrastructure, work possibilities
- National park [+ were low tourism]
- Other rural areas take LNB as example

Langanesbyggð áfram í sókn

Langanesbyggð hefur vaxið um 20% frá árinu 2026 og atvinnulífið fjölbreyttara sen nokkru sinni. Grunnstoðir atvinnulífsins eru enn sauðfjárbúskapur og fiskvinnsla en mörg störf hafa skapast tengd þjóðgarðinum á Langanesi, nýju smábátahöfninni og nýsköpunarsetrinu á Skeggjastöðum. Útlit er fyrir að stækka þurfi leikskólann eða byggja annan og farið er að skipuleggja nýjar götur austan lækjar.

Langanesbyggð hefur vaxið jafnt og þétt síðustu ár

Störfum hefur fjölgað um 100. Góður skóli og íþróttaaðstaða. Fjölbreyttari atvinnumöguleikar með einhverskonar iðnaði.

[*hér vantar fyrirsögn***]**

Vindmyllur. Ný hverfi/götur. Finnafjörður. Þjóðgarður á Langanesi. Stækkuð höfn. Skemmtiferðaskip.

Framtíðarþríhyrningurinn (æfing)

Togkraftar framtíðar / tækifæri

— Þekkt fyrir mikla uppbyggingu (++).

— Þjóðgarður á Langanesi styrkir byggð (++).

— Langanesbyggð verði fyrirmynd dreifbýlissamfélags sem vex án þess að missa sjálfsmynd sína.

— Fjölbreyttara atvinnulíf (+).

—Fjölbreytt störf — ekki öll eggin í sömu körfu (+++++).

— Betri vegir innan sveitarfélagsins (+).

— Meiri ferðaþjónusta (+++).

— Vantar hótel af réttri stærð.

— Skólarnir okkar verði betri og betri (+).

— Fleiri störf byggð á auðlindum svæðisins: fiski, sauðfé, óspilltri náttúru, Langanesi, vindorku og laxveiði (++).

Ýtikraftar nútímans / styrkleikar og ógnanir

— Bráðvantar þjónustuíbúðir fyrir aldraða (+).

— Bygging íbúðarhúsnæðis (+).

— Fleiri nýbyggingar (+).

— Börnum fækkar.

— Meiri raforka (+).

— Einhæft atvinnulíf (+++).

— Stækkun í sjávarútvegi — jákvæð þróun (++).

— Mjög öruggt sveitarfélag; lítil náttúruvá.

— Minna flug þýðir minni þjónustu (+++).

— Vantar atvinnuhúsnæði (+++).

— Styrkjaumhverfi uppbyggingar er ekki hliðhollt landsbyggðinni.

— Standa vörð um flugið.

— Þjónusta minnkar.

— Störfum fækkar vegna tæknibreytinga (+).

— Stjórnvöld vilja stofna þjóðgarð.

— Hækkun sjávarborðs.

Þyngsli fortíðar / hindranir

— Enn eru áskoranir tengdar sameiningu við Bakkafjörð (++).

— Stórar fjárfestingar í umhverfismálum.

— Skortur á rafmagni.

— Skortur á lóðum.

— „Hræðsla við freka kallinn“ (++).

— Saga stjórnmála í Langanesbyggð séð sem byrði fremur en tækifæri (+).

— Finnafjörður?

— Skortur á menntastörfum.

— Vantar atvinnuhúsnæði (+).

— Skortur á húsnæði (+).

— Raforka og innviðir; skortur á stuðningi stjórnvalda.

— Vantar betri læknisþjónustu (+).

— Fjölbreyttari íbúðir (+++).

— Þörf á að hugsa út fyrir kassann og sjá A-, B- og C-tækifæri.

— Skortur á upplýsingum eða áhuga á verkefnum.

— Vantar heitt vatn / hitaveitu (+).

— Viðhald vega.

Vöxtur á eigin forsendum

Niðurstöður vinnustofunnar draga upp skýra mynd af Langanesbyggð sem vill vaxa og þróast án þess að glata þeim sérkennum sem gera sveitarfélagið að eftirsóknarverðum stað til búsetu og starfa. Fjölbreyttara atvinnulíf, nægt húsnæði, öflug þjónusta og traustir innviðir eru lykilforsendur þess að sú framtíðarsýn geti orðið að veruleika.

Jafnframt er lögð rík áhersla á að þróun sveitarfélagsins byggi á þeim gæðum sem þegar eru til staðar. Náttúra og landslag, dreifbýliseinkenni og sterk samfélagstengsl eru helstu styrkleikar Langanesbyggðar.

Aðalskipulagið þarf því að skapa svigrúm fyrir vöxt og ný tækifæri, en um leið tryggja að uppbygging taki mið af staðaranda, náttúrugæðum og lífsgæðum íbúa.

Niðurstöður vinnustofunnar mynda grunn að áframhaldandi mótun framtíðarsýnar, meginmarkmiða og stefnu Aðalskipulags Langanesbyggðar 2026-2038.